



Hreppsnefnd 21. desember 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 21. des. 2000 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Alexander Árnason, Árni Róbertsson og Auður Jónsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 7. des. sl. Farið var yfir fundargerðina hún rædd. Spurt var eftir 6. máli og gerði sveitarstjóri grein fyrir því hvar málið væri stadd og hvað varðar 9. mál, þar skýrði sveitarstjóri hvað kostaði að fá rafmagn að skíðalyftunni ætlaður kostnaður við það er 1.000 þús. kr. Jafnframt kom fram að ekki er fyrir hendi 3ja fasa rafmagn. Rafstöð sem fengist hefur tilboð í kostar kostar um 500 þús. kr. og var samþykkt að kaupa hana. Síðan var fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 13. des. sl. Spurt hvort ætti að skylda alla nemendur til að taka þátt í danskennslu og hvernig því yrði þá mætt af hálfu skólans. Einnig var samþykkt að leggja fram fé, 40 – 70 þús. kr. sem vantar upp á kaup á píanói til Tónlistaskólans. Bent var á góða frammistöðu nemenda í fjórða og sjöunda bekk í samræmdu prófunum. Fundargerðin samþykkt eftir umræðuna.

3. mál. Hafnarsamband sveitarfélaga, tvö bréf dags. 13. des. sl. Annað varðandi fjárveitingar í hafnaráætlun 2001-2004 og hitt um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

4. mál. Kaupvangur, uppkaup og frágangur lóðamála til samræmis við samþykkt hreppsnefndar frá 28. mars sl., drög að samkomulagi.

Sveitarstjórinn skýrði framlögð drög að samkomulagi milli Vopnafjarðarhrepps og Kaupfélags Vopnafirðinga.

Fyrirliggjandi drög að samkomulagi voru samþykkt með 5 atkv. Vegna tengsla við málið sátu 2 fundarmenn hjá við atkvæðagreiðsluna. Meðfylgjandi samkomulaginu er uppdráttur að fyrihuguðu fyrirkomulagi lóða og gatna á svæðinu eins og áætlað er að það verði.

5. mál. Ibúðarlánasjóður, bréf dag. 9. des. sl., varðandi viðbótarlán á árinu 2000 og 2001 í framhaldi af umsóknum þar um. Lagt fram til kynningar.

6. mál. Fasteignamat ríkisins, bréf dag. 6. des. sl., varðandi heildarfasteignamat og bréf dag. 8. des. sl. varðandi útgáfu álagingskrár. Sveitarstjóri skýrði frá því að lagt væri á eftir fasteignamati en ekki álagningastofni og á sveitarsjóður að fá mismun sem myndast við þá breytingu greiddan úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.. Endurmat hefur farið fram á 64,53% eigna í hreppnum. Leggja þarf áherslu á endurmat húseigna.

7. mál. Samvinnunefnd um svæðaskipulag á Héraði, bréf dag. 22. nóv. sl. Oddviti las upp svohljóðandi tillögu :

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að kynna svæðaskipulagið fyrir þeim landeigendum, sem eiga lönd að uppteiknuðum mörkum svæðisins er liggur að Vopnafirði. Svo virðist sem landamerki séu ekki í öllum tilfellum skýr í þinglýsingabókum og e-ð sé um að mörk landa skarist. Sveitarstjóra er falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við samvinnunefnd um svæðaskipulag á Héraði.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. mál. Tillaga til hreppsnefndar, varðandi greiðsluheimildir. Lögð var fram svofelld tillaga til hreppsnefndar, varðandi greiðsluheimildir:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að heimila sveitarsjóra að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur úr sveitarsjóði á árinu 2001, meðan fjárhagsáætlun vegna ársins hefur ekki verið samþykkt.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. mál. Ákvörðun Stöðvar 2 um að hætta með fasta starfsemi á Austurlandi. Tillaga að ályktun. Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps skorar á stjórnarmenn Íslenska Útvarpsfélagsins að endurskoða ákvörðun sína um að hætta með fréttamann og upptökumann í föstum störfum á Austurlandi. Ákvörðun af þessum toga hefur slæm áhrif á landsbyggðina, enda hafa starfsmenn Stöðvar 2 á Austurlandi ætíð lagt sig fram um vandaðan frétttaflutning. Nálægð starfsmanna við vettvang og þekking á staðhättum er mikils virði.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

Einnig samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna að tillögu fyrir næsta fund, þess efnis að senda viðkomandi aðilum áskorun um að bæta til muna útsendingar útvarps og sjónvarps á Vopnafirði.

10. mál. Félag smábátæigenda á Austurlandi bréf dag. 30. nóv. sl. Þar sem beðið er um stuðning sveitarfélagsins við samþykkt.

Málinu vísað frá í bili.

11. mál. SSA, árgjöld 2001. Með bréfinu var sent yfirlit yfir árgjöld sveitarfélaga til SSA fyrir árið 2001. vísað til fjárhagsáætlunar.

12. mál. Héraðsskjalasafn Austurlandi bréf dag. 30. nóv. sl. Bréfinu fylgdi listi yfir greiðslu sveitarfélaga til Héraðsskjalasafns Austurlands árið 2001.

Vísað til fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjóra falið að kanna starfsreglur samstarfs aðila í Héraðsskj.safninu.

13. Ýmsar fundargerðir:

a) Heilbrigðisefirlit Asuturlands, bréf dag. 27. nóv. sl. ásamt fjárhagsáætlun 2001 og innheimtulistum.

b) Aðalfundur héraðsnefndar Múlasýslu haldinn 27. nóv. 2000.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og óskaði þeim gleðilegra jóla.